

Umsögn um frumvarp vena breytinga á ýmsum lögum vegna framhalds á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. 1130 mál.

Fyrir sex árum festum við kaup á íbúðarhúsnæði í Staðarhrauni í Grindavík. Þessa fasteign leigðum við út og síðustu tvö árin hefur sonur okkar búið í eigninni, en hann hafði einmitt nýlokið stórum framkvæmdum við að endurnýja allt húsið stuttu fyrir rýmingu með tilheyrandi kostnaði.

Áætlað var að sonurinn myndi kaupa eignina í byrjun árs 2024 og búið var að semja um kaup og kjör sem varð auðvitað ekkert úr sökum hamfara. Frá því 10. nóvember hefur þessi fasteign staðið auð eins og flest önnur íbúðarhúsnæði í bænum með tilheyrandi kostnaði og engum leigutekjum.

Við höfum ekki mátt sækja um uppkaup til Þórkötlu þar sem eignin er á nafni fyrirtækis okkar hjóna, Rúnars málara ehf.

Til þess að sonur okkar geti fótað sig á nýjum stað, þá þurfum við að greiða honum hans fjármagn út úr fasteigninni. Það er ekki auðveld framkvæmd, þar sem eigið fé er bundið í umræddri eign.

Því óskum við eftir því að geta selt Þórkötlu Staðarhraun 43, þar sem við sjáum ekki fram á að geta nýtt hana á nokkurn hátt næstu árin. Það er stutt í að lánin komi úr frysti og það er algjörlega vonlaust að geta haldið þessu á floti án nokkurrar leigutekna. Okkur finnst alveg óskiljanlegt að það megi hreinlega hlaupa fram hjá þeim íbúðarhúsnæðum sem annað hvort lögaðilar voru eigendur að eða eigendur áttu ekki sjálfir í lögheimili í eigninni.

Virðingarfyllt

F.h Rúnars málara ehf kt: 480218-2210

Rúnar Sigurður Sigurjónsson

Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir